



## Veiði hafin í Ölfusá

Í kringum 14 félagar Stangaveðisfélags Selfoss voru maettir við árbakkann kl. 7 miðvikudeginum í síðustu viku þegar Ölfusá, fyrir landi Selfoss, var opnuð. Likt og fyrir ári var það Bragi Bjarnason, formaður bejarráðs Árborgar, sem tók fyrsta kastið undir leiðsögn Guðmundar Maríassar Jessonar, formanns félagsins. Fyrsti laxinn kom aðeins rúnum klukkutíma eftir opnun og var það fyrrverandi formaður félagsins og heiðurfélagi nr. 5, Steindór Pálsson, sem veiddi hann. Laxinn var 11 pund, nýgenginn og grálúsugur. Laxinn veiddist á miðsvæðinu, á Grílutúpu. Í fyrra veiddust í Ölfusá 137 laxar og 106 sjóbringar. Á myndinni má sjá Sigurð Pór Sigurðsson við veiðar. Mynd: Dagskráin/BRV

## Veglegur styrkur til Bókhlöðu í Gestastofunni í Skálholti

Menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, kom í Skálholt í síðustu viku og færði Verndarsjóði Skálholtsdómkirkju veglegan styrk til innréttið fyrir Bókhlöðu Skálholts í framtíðar húsnæði hennar. Styrkurinn nemur fimm milljónum króna og hefur þessi viðurkenning orðið til þess að A.P. Möller sjóðurinn í Kaupmannahöfn hefur einnig lagt styrk til þessa menningarlega verkefnisins. Menningarmálaráðuneytið hefur áður lagt fram styrk til Prentsguseturs Íslands. Hefur það hjálpað kirkjunni að lagfæra húsnæði Gestastofunnar sem hýsa á bæði söfnin í framtíðinni.

Eitt af því sem gefur Bókhlöðu Skálholts sérstöðu er að í því er að finna bækur prentaðar á flestum fornum prentstöðum í sögu landsins. Meðal þeirra staða er Skálholt. Örstutt er yfir í rústir af prenthúsi Þóðrar biskups Þorlákssonar er stóð við heimatorfuna á staðnum á 17. öld og örstuðt á Fjósakelduna þar sem Oddur þyddi Nýja testamentið árið 1540 á dögum Ögmundar Pálssonar, síðasta kaþólska biskupssins í Skálholti.

Í Skálholti eru bundnar miklar vonir við að bæði söfnin muni efla áhuga ungra og eldri á bókmenntaði þjóðarinnar og prentlistinni þegar þessi saga hefur verið gerð aðgengilegri.

Einnig er stefnt að aðstöðu til rannsókna á safminu. Enn er leitað til félaga, einstaklinga og stofnana með styrki í þetta verkefni sem hefur verið metið jafn mikils virði fyrir menningu okkar og sérstöðu í ljósi sögunnar í Skálholti og nálægðar við raunverulegar minjar og rannsóknir.

Samkomulagið um styrk menningarmálaráðuneytis var undirritað við hátíðlega athöfn í framtíðar húsnæði Bókhlöðunnar af Lilja Dögg Alfreðsdóttur, ráðherra, og Árna Gunnarssyni, formanni Verndarsjóðsins, eftir að nokkrir af dýrgripum safnsins höfðu verið skoðaðir á staðnum, bar á meðal fyrsta prentun Landnámu í Skálholti 1688. Meðal



viðstaddir voru fulltrúar Prentsgusetursins, stjórnar Skálholts og sóknarnefndar, auk framkvæmdastjóra og víglubuskups. „Framlag Íslands til heimsbókmenntanna er umfangsmikið og hefur fylgt þjóðinni um margar aldir. Dæmi þess má sjá hér í Skálholti þar sem mikilvægar bókmennir eru varðveisittar. Það skiptir máli að hlúa að þessum menningararfum okkar og auka aðgengi að honum til að miðla til komandi kynslóða,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra.

## Fáðu fagmann í verkið



# ÚTSALA

## 30-60% AFSLÁTTUR

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Skólaakstur Reykholtsskóla  
2023-2027



### Laugarásleið ÚTBOÐ

Bláskógabyggð auglýsir eftir tilboðum í skólaakstur fyrir Reykholtsskóla. Um er að ræða akstursleið nefnda Laugarásleið, þ.e. leið frá Helgastöðum um Laugarás á skólastað í Reykholti.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 22. júní 2023. Þeir sem óska eftir að fá gögn afhent sendi tölvupóst á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hrungi í síma 480 3000.

Tilboðum skal skilað til Bláskögabyggðar, Aratungu, Reykholti, fyrir kl. 11 þriðjudaginn 4. júlí 2023 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

Skólastjóri



### Sláthús Selfossi Störf í sláturtíð haustið 2023

Slátfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins [www.ss.is](http://www.ss.is) undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins [www.ss.is](http://www.ss.is).

## Menningarhúsið verður ekki klárað á morgun

**S**veitarfélagið Árborg stóð fyrir opnum íbúafundi miðvikudaginn í síðustu viku með Lilja D. Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, þar sem viðfangsefnið var framtíðaráform menningarsalar Suðurlands á Selfossi. Fundurinn hófst kl. 18 á Hótel Selfossi, en fyrir fundinn gafst almenningu tækifæri á að skoða menningarsalinn. Margrét Blöndal, deildarstjóri menningar og upplýsingadeilda Árborgar, stjórnandi fundinum.

Áður en menningar- og viðskiptaráðherra tók til málstig fulltrúar tónlistar og sviðslista í ræðupúlt og fluttu stutt erindi um hvernig menningarsalurinn mundi bæta þeirra listgrein og voru allir sammála um mikilvægi þess að salurinn yrði kláraður.

Lilja telur að næstu skref séu að setja á laggirnar öflugan undirbúningshóp sem mundi fá það hlutverk að svara ósvör-



Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra. Mynd: Dagskráin/BRV

uðum spurningum um menningarsalinn og taka í framhaldini ákvörðun um framhaldið. Aðalmálið sé að geta fjármagnað þetta á góðum kjörum segir hún.

„Það sem ég tel að séu næstu skref í þessu máli eru að bæði ríkið og sveitarfélagið setjist niður og reyni aðeins að áttá sig á getu sveitarfélagsins til þess að taka þátt í þessu. Eins og staðan er núna er verkefni ríkisstjórnarnarinnar númer eitt, tvö og þrjú að rífa niður verðbólgu og það er

ekki eins skemmtilegt eins og að þurfa rífa eitthvað í gang,“ sagði Lilja.

„Ég kem ekki hér með bros á vör og segi að þetta sé að fara gerast á morgun, en þetta mun gerast í framtíðinni. Hvenær? Eg get ekki lofað því á þessum tímapunkti,“ bætir Lilja við.

„Ég er í engum vafa um að menningarsalurinn muni risa,“ segir Lilja í restina. „Við þurfum að vera tilbúin þegar verðbólga og stýrivextir fara niður“. BRV

## Eimskip og Kótelettan endurnýja samstarfssamning

Á dögunum undirrituðu forsvarsmenn Kótelettunnar BBQ & Music Festival og Eimskipssamning þess efnis að Eimskip verði áfram einn af aðal bakhjörlum hátiðarinnar, en félagið hefur verið stoltur bakhjarl hátiðarinnar frá upphafi. Undirbúnungur fyrir hátiðina er á lokametrunum en hátiðin fer fram dagana 9.-11. júlí á Selfossi. Þá stytтиst í að eitt helsta kennileiti hátiðarinnar, «Eimskipsgámrar» mæti á svæðið.

Einar Björnsson framkvæmdastjóri Kótelettunnar segir að samstarfið við Eimskip sé ein af lykil forsendum hátiðarinnar. „Það hefur verið okkur mikil hyvatning í að halda ótrauð áfram. Í dag er Kótelettan orðin ein af stærstu hátiðum landsins þókk sé Eimskip.“

Friðrik Sigurbjörnsson



Á myndinni eru þeir Friðrik Sigurbjörnsson, svæðisstjóri Eimskipss á Suðurlandi (t.v.) og Einar Björnsson framkvæmdastjóri Kótelettunnar (t.h.) við undirritun samningsins í blíðunni á Selfossi. Mynd: Aðsend.

svæðisstjóri Eimskipss á Suðurlandi segir Eimskip vera stoltan bakhjarl hátiðarinnar og kveðst spenntur fyrir framhaldinu. „Eimskip mun með nýjum

samningi halda áfram mikilvægum stuðningi sínum við hátiðina og jafnframt auka sýnileika sinn á svæðinu.“



# BYKO OG VÍKINGAMÓTIN

**BYKO OG VÍKINGAMÓTIN BJÓÐA ÖLLUM  
FRÍA ÞÁTTÖKU Í BYKO VOTMÚLAHRINGINN  
SUNNUDAGINN 2. JÚLÍ NK. KL. 11**

Við hvetjum fjölskyldur til að skrá sig og hjóla saman  
þennan skemmtilega 12 km hring.

Að lokinni hjólaferð verður boðið upp á grillaðar pylsur og  
skemmtun við verslun BYKO á Selfossi.



**KIA GULL  
HRINGURINN**  
VÍKINGAMÓTARÖÐIN



**SKANNAÐU KÓÐANN  
OG SKRÁÐU ÞIG OG ÞÍNA!**

Skoðaðu leiðina og allar upplýsingar á <https://www.vikingamot.is/kia-gull/>



Mynd: Orka náttúrunnar.

## Orka náttúrunnar og landeldisfyrirtækið GeoSalmo undirrita raforkusamning

Orka náttúrunnar (ON) og landeldisfyrirtækið GeoSalmo hafa undirritað raforkusamning um kaup á allt að 28 MW af raforku sem nýtt verður til landeldisstöðvar við Þorlákshöfn. Samningurinn fellur vel að þeiri sterku umhverfisvitund sem bæði fyrirtækin hafa að leiðarljósi.

### Hágæðalax í lokuðu fiskeldiskerfi

GeoSalmo er fyrirtæki sem stefnir að uppbryggingu landeldis á laxi á Íslandi. Fyrsta verkefni félagsins er eldisstöð með framleiðslu allt að 24 þúsund tonn á ári en fyrsti áfangi þess nemur um 7.500 tonnum. Undirbúningur fram-

kvæmda er langt kominn og hefur Skipulagsstofnun þegar gefið út álit sem staðfestir umhverfismatsskýrslu GeoSalmo. Jens Þórðarson framkvæmdastjóri félagsins segir grundvallaratrið í undirbúningi félagsins vera að tryggja orku.

„ON er traustur og öflugur samstarfsaðili og verulega ánægjulegt að orkan í verkefni komi úr sama sveitarfélagi. Umhverfisvæn matvælaframleiðsla er góð nýting á íslenskri orku, bæði efnahagslega og sem liður í að minnka kolefnisspor matvælaframleiðslu á heimsvísu,“ segir Jens.

Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri ON, segir að með samningnum sé aukinn

hluti orkuvinnslunnar nýttur nær upprunanum og til frekari uppbryggings fjölbreytts atvinnulífs sem skapar bæði fjölda starfa og mikilvægar tekjur.

„Hlutverk Orku náttúrunnar er að framleiða og selja rafmagn á ábyrgan og umhverfisvænan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. Við höfum flýtt fyrir tækniprórun á sviði kolefnisförgunar sem leiðir til minna vistspors okkar starfsemi og erum frumkvöðlar í orkuskiptunum á Íslandi. Áform GeoSalmo falla vel að framtíðarsýn okkar um verðmæta viðskiptavini sem hafa skarpa sýn á umhverfið og nauðsynlega hrингrás í hagkerfinu með hlíðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.“

## Tónlistarhátið Strandarkirkju hefst á sunnudaginn

Hin árlega tónlistarhátið, Englar og menn í Strandarkirkju hefst sunnudaginn 2. júlí nk. og stendur yfir í júlímánuði með tónleikum á sunnudögum

kl. 14. Á fyrstu tónleikunum koma fram Björg Þórhallsdóttir sópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Elísabet Waage hörpuleikari og Hilmar Örn Agnars-

son organisti. Yfirschrift tónleikanna er „Himininn er nálægt þér“ en á efnisskránni eru m.a. þjóðlög eftir Benjamin Britten ásamt innlendum og erlendum sönglögum eftir m.a. Gylfa Þ. Gíslason, Tryggva M. Baldvinsson, Þórunni Guðmundsdóttur, Inga T. Lárusson o.fl. ásamt þekktum perlum úr heimi tónbókmenntanna. Á tónleikunum verður einnig frumflutt lag hátiðarinnar 2023 eftir Georg Kára Hilmarsson tónskáld við ljóð Kristjáns Vals Ingólfssonar f.v. víglubiskup.

Listraenn stjórnandi hátiðarinnar er sem fyr Björg Þórhallsdóttir og aðgangseyrir er kr. 3.500.

Tónlistarhátiðin er styrkt af Samtökum sunnlensksra sveitarfélaga, Tónlistarsjóði og Tónlistarsjóði kirkjunnar og STEFs.



Strandarkirkja stendur við svonefnda Engilsvík í Ölfusinu. Mynd: Sveitarfélagið Ölfus

Gáta vikunnar

Með söng og hrópum silast veg,  
síld og þorskur gera enn.  
Um þá villtur væflast ég,  
veit að barnið lærir senn.

Svar við gátu í blaði 2706: SLAUFU  
3. Slaufa á skóreim  
4. Slaufa um hálsinn

?

?

?



Fannar Geir Ólafsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka Dabba vini minum fyrir áskorunina.

Ég er búinn að prufa tortilla uppskriftina sem Litli gríð sendi inn í blaðið í síðustu viku, hún var alveg hreint hrínandi góð hjá litla prins.

Ég ætla að senda inn mjög einfalda leið að geggiðri helgarsteik sem tekur u.p.b. 5-15 mínútur í undirbúning, fer eftir umferð.



látíð standa í a.m.k. 10 mín. svo kjötið nái að jafna sig, eftirhitinn ætti að taka kjötið uppí 56-57 gráður. Fullkomíð fyrir medium rare steik. Ef það kemur einhverntímann sumar og ykkur langar að grilla þá gerið þið nákvæmlega sama nema bræðið smjörið með hvítlauknum og blóðberginu og penslið reglulega yfir steikina á grillinu, fáið fallegar grill rendur og lækkid hitann og takið af grillinu í 54 gráðum.

Ef þið viljið nautið well done er best að sleppa þessu öllu bara.

Ef ykkur langar að vera svaka dugleg og gera kartöflurnar sjálf getið tekið bökunarkartöflur, skorið rendur í þær, penslað með hvítlaukssmjöri, saltað og piprað, sett inn ofn í 60 mín. á 160 gráðum.

### Meðlætið

Takið veskið með ykkur og skottist út í Kjötbúr fyrir kl. 18 þriðjudaga-laugardaga og kaupið bernais-sósu, brokkólisalat og hnetumix (og kartöflur að eigin vali ef þið nenntuð ekki að gera þær sjálf). Ef ykkur langar í forrétt getið kippt einu nauta carpaccio með ykkur.

Mér langar að skora á stórsmiðiinn og vin minn hann Gunnar Inga. Gunnar grillar í öllum veðrum og er einstaklega góður grillari. Hans leynitrikk er að grilla frá vinstri til hægri en ekki öfugt. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvort Gunnar bjóði uppá sinn viðfræga grillaða grjónagraut eða hvort hann ætti að sitja einn á þeiri uppskrift aðeins lengur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is  
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss  
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

# Gott frí. Ekkert mó.

Mygga er áhrifarík flugnafæla sem veitir allt  
að 9 klukkustunda vörn gegn flugnabiti.



**9,5% DEET** sprey  
2 ára & eldri

**20% DEET** roll-on  
12 ára & eldri

**50% DEET** sprey  
18 ára & eldri

**After bite**

Mygga er **meist selda** flugnafælan  
á Norðurlöndunum og fæst á völdum  
sölustöðum um land allt.

[mygga.is](http://mygga.is)

**MYGGA**  
Vörn sem virkar



Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

## Opnunartími styttur í sundlaugum Árborgar

Frá og með haustinu 2023 verða breytingar á opnunartímum sundlauga í Sveitarfélaginu Árborg. Þetta hluti af hagræðingaraðgerðum í rekstri sveitarfélagsins.

Frá og með 1. september 2023 verður opnunartími **Sundhallar Selfoss** eftirfarandi: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 06:30 til 21:00 (*níverndi opnunartími: 06:30 – 21:30*). Föstudaga frá kl. 06:30 til 19:00 (*níverndi opnunartími: 06:30 – 21:30*).

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 09:00 til 18:00.

Vetraropnun **sundlaugarinnar á Stokkseyri** verður eftirfarandi: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30-19:30 (*níverndi vetraropnunartími: Mánudaga – föstudaga kl. 16:30-20:30*). Laugardaga kl. 12:00-15:00 (*níverndi vetraropnunartími: Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-15:00*).

Frá 1. nóvember til og með 28. febrúar verður sundlaugin á Stokkseyri lokað.

Fyrir rúmlega eitthundrað árum settust þrír menn að í Gaulverjabæ í Flóa og létu til sín taka á fjármálasviði Suðurlands ef svo má segja. Þetta voru Jón Magnússon, (1860-1931), frá Miðhúsum í Biskupstungum, fyrrum kaupmaður í Reykjavík en um tíma skráður bóni í Gaulverjabæ. Félagar hans voru Björn Gislason, (1878-1967), frá Húsey í Hróarstungu, sem skrifaði sig kaupmann og Erasmus Gislason, (1877-1941), frá Rauðabergi í Skaftafellssýslu, sem hafði engan sérstakan titil en var ósvífinn braskari og fjárvíkari rétt eins og hinir tveir.

Þessir menn beittu aðferðum til að hafa fé af sunnlenskum bændum sem lítt þekktar voru um þær mundir. Þeir heimsóttu vel stæða bændur birgir af koníaki sem þeir veittu ósparlega. Þegar bændur voru orðnir vel hreifir birtust pappírar í höndum þessara manna sem þeir báðu menn að skrifa nafn sitt á. Þetta voru víxlar og skuldabréf og mörgum bændum sem lítt voru kunnugir bankaviðskiptum þótti sjálfsagður greiði að skrifa nafn sitt fyrir þessa vinsamlegu og vel klæddu herramenn sem slógu þeim gullhamra og kölluðu þá vini sína.

Svo kom annað hljóð í strokkinn þegar víxlarnir og lánin féllu í gjalddaga. Þessir tungulipru menn kunnu sannarlega að skrifa skuldabréfin þannig að þau héldu að lögum og voru ekki til viðtals um að gefa neinn afslátt af kröfunum. Svo komu innheimtulögfræðingar á staðinn og hirtu eignirnar af hinum ólánsömu skuldurum,



Jón Magnússon, Björn Gislason og Erasmus Gislason.

stundum aleigu þeirra. Heilu fjölskyldurnar komust á vonarvöl og dæmi voru um menn sem bundu enda á líf sitt þegar ómennin voru búin að koma þeim á kaldan klaka. Þetta mátti kallast löglegt en var siðferðilega rangt eins og Jónas frá Hriflu orðaði það svo réttilega í blaðagrein. Þegar fram í sótti gripu þeir til þess að falsa nöfn manna á bréfinn þegar þá vantaði undirskriftir.

Þessir ærulausir óþokkar létu greipar sópa um eignir fjölda manna á Suðurlandi á árunum 1910-1915 og höfðu af þeim ótrúlegar upphæðir áður en svikabréðin komust í hámaði og menn fóru að vara sig á þeim. Öllu þessu fó eyddu þeir í óhófslífernir að því best verður séð enda kneufuðu þeir sjálfir drjúgt af koníakinu. Frá þessu öllu segir í bók minni: Í skugga Gaulverjabæjar sem kom út nýlega. Þar er sagan rakin frá upphafi til enda og kennir margra grasa.

En því er verið að segja frá löngu liðnum óþokkum og illverkum þeirra? Því er til að svara að vinur minn, Páll heitinn Lýðsson í Litlu-Sandvík, sendi mér á sínum tíma áskorun um að skrifa um þessi mál. Fyrir því

væru þjár ástæður: Í fyrsta lagi þá hefðu bófarnir sest að í minni heimasveit. Í öðru lagi hefðu þessi mál alla til verið þöggud niður og væri mál að upplýsa hvað þarna hefði gerst. Í þriðja lagi væri nú heil oldi liðin frá illverkunum og nánustu aðstandendur þessara manna komnir á annað tilverustig svo ekki þyrfti að hlifast við þeim. Ég var sammála Páli í þessum efnunum en það tók mig heilan áratug að safna saman heimildum fyrir bókarskrifin.

Þarna gerðust hlutir sögulegir í meira lagi: Smygl á 21 þúsund áfengisflóskum, gjaldþrot stærsta sparisjóðs landsins. Vinskapur þrótanna við sýslumann Arnesinga og afsögn sýslunefndar í einu lagi í mótmælaskyni. Meðreiðarsveinar og drykkjubræður en andspænis þeim grandvarir bændur og hugsjónamenn sem gerðu sitt besta til að græða sárin. Myndir eru af flestum sem þarna komu við sögu því sjón er sögu ríkari. En hér sannast sem oftar að raunveruleikinn er stundum ótrúlegri en nokkur skáldsaga.

Jón M. Ívarsson  
frá Vorsabæjarhóli



## Gullna hringborðið kom saman á ný á Þingvöllum við upphaf sumars

Gullna hringborðið er samgráðsvettvangur þeirra sem koma að ferðajónustu og stjórnsýslu með einum eða öðrum hætti á Gullna hringnum og er öllum fagnað í samstarfið. Stóra viðfangsefnið er sem fyrr „Hvernig ætlum við saman að takast að við fyrirsjáanlega fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum“.

Að þessu sinni var þema fundarins öryggismál, innsti hringur kallaði saman alla helstu viðbragðsaðila á svæðinu og farið var yfir áskoranir sumars-

ins. Umfjöllunarefnin voru öruggi, neyðarviðbrögð, löggæsla, sjúkraflutningar, heilsugæsla, landvarsла, brunavarnir, vega-kerfið og umferðaröryggi. Mjög áhugaverð erindi voru flutt sem voru í senn upplýsandi og sláandi. Ljóst er að þeir sem sinna öryggismálum á svæðinu eru að vinna mjög vel og gera mikil úr litlu miðað við fjármagn og mannafla. Sterkur samstarfsvilji kom fram og stefnt er að því að styrkja enn frekar samvinnu þeirra sem koma að öryggismálum á Gullna hringnum.

Farið var yfir hvað gengur vel og hvað má betur fara og síðan verður sumarið nýtt til að rýna enn frekar í stöðuna miðað við þróun málá og meta hvernig bregðast þarf við.

I framhaldi af þessum fundi Gullna hringborðsins og reynslu sumarsins verða teknar saman mikilvægar upplýsingar varðandi öryggismál og miðlað áfram til þeirra sem koma að þessum málaflokkum með von um öflugt samstarf.

## Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrla@keyrla.is - www.keyrla.is - [/keyrla.is](#)

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN



# SUMAR UTSALA BYKO

**25-50% AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM SUMARVÖRUM**

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI Í BYKO

VIRKA DAGA

**8-18**

LAUGARDAGA

**9-15**

SUNNUDAGA

**LOKAÐ**

**SKANNADU  
KODANN**

[www.byko.is/utsala](http://www.byko.is/utsala)





Eiginkona míin, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ALDA HERMANNSDÓTTIR,**  
Réttarholti 3, Selfossi,  
áður Hróarsholti í Flóa,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju  
þriðjudaginn 4. júlí klukkan 13.  
Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eru færðar sérstakar  
bakkir fyrir hlýu og góða umönnun.



**Tryggvi Kr. Gestsson**  
Guðrún Tryggvadóttir Pórir Haraldsson  
Guðbjörg St. Tryggvadóttir Þorsteinn Gíslason  
Hrafnhildur Tryggvadóttir Bragi Pór Svavarsson  
Álfheiður Tryggvadóttir Sverrir Jón Einarrson  
barnabörn og barnabarnabörn

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarféluginu Árborg

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagslýsing:

### 1. Deiliskipulagslýsing - Austurvegur 7-23

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að skipulagslýsingu lóðanna Austurvegur 7-23 á Selfossi í samræmi við 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir Austurveg 7-23, þ.e. þær lóðir sem eru norðan Austurvegar milli Sigtúns og Fagurgerðis. Hugmyndir eru um nýjar byggingar á hluta lóða. Gert verður ráð fyrir verslunum, og ýmiskonar þjónustu á jarðhæð bygginga og heimilt að vera með íbúðir á efri hæðum. Í deiliskipulaginu verða settir skilmálar fyrir allar lóðir, s.s., hvað varðar hæð bygginga hámarks byggingarmagns, aðkomu og bílastæði, vistvænar samgöngur, skuggavarp og gæði byggingar. Deiliskipulagið verður í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem miðsvæði M4. Skipulagsvæðið er um 1,3 ha að stærð. Helstu markmið með deiliskipulaginu eru, stuðla að uppbyggingu og eflingar verslunar- og þjónustu við Austurveg og heimila íbúðir á efri hæðum bygginga, auk þess að setja skilmála um hæð bygginga og byggingarmagn, gæði og yfirbragð byggðarinnar, vistvænar samgöngur og aðlaðandi dvalarsvæði sem snúa mótt sólu og að götumynd sé aðlaðandi og fólk líði vel með að ganga og hjóla með Austurvegi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

### 2. Deiliskipulag - Miðtún 1-17

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að Miðtúni 17 Selfossi. Deiliskipulagstilan tekur til afmörkunar lóða 1-17, með áherslu að lóðum 15 og 17 verði skipt upp í tvær lóðir hvorri, auk skilgreiningar á byggingarheimildum. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, en þar er Miðtún 1 skilgreint sem samfélagsþjónusta (S7) og Miðtún 3-17 sem íbúðabyggð (ib19). Skipulagssvæðið er 1,9 ha að stærð.

### 3. Deiliskipulag - Búðarstígur 23

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að Búðarstíg 23 Eyrarbakka. Deiliskipulagstilan tekur til lóðarinnar Búðarstígs 23 (L165905) á Eyrarbakka, sem er um 6.163,5 m<sup>2</sup> að stærð skv. HMS. Á lóðinni er fyrir 1.559,0 m<sup>2</sup> fermetrar húsnæðis. Lóðin er á skilgreindu miðsvæði M9 skv. Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Skilgreindur er nýr 5517,0 m<sup>2</sup> byggingarreitur B1, þar se, áætlað er að byggja tveggja hæða hús með risi. Hámarks mænishæð allt að 10,0 m. Hámarks veghæð allt að 9,5 m. Nýtingarhlutfall allt að 0,6. Viðbygging mun taka mið af eldri húsum á lóðinni hvað varðar form, efnis- og litaval.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefsíðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Lýsing deiliskipulags (nr. 1.) er auglýst með athugasemdafresti frá 28. júní til og með 19. júlí 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða með ábendingar við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemendum/ábendingum til og með 19. júlí 2023.

Deiliskipulagstillögur (nr. 2 og 3) eru auglýstar með athugasemdafresti frá 28. júní til og með 9. ágúst 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemendum til og með 9. ágúst 2023.

Athugasemendum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærarleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

*Virðingarfyllst,  
Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi*

## Alexandra Chernyshova ráðin skólastjóri tónskólans í Vík

Alexandra Chernyshova, óperusöngkona, tónskáld og kennari hefur verið ráðin skólastjóri tónskólans í Vík. Hún mun taka við starfinu í byrjun júlí.

Alexandra á langan feril í kennslu og hefur m.a. starfað sem skólastjóri eigin söngskóla, söngkennari og kennt í grunnskóla. Hún hefur auch pess samið og sett upp eigin óperur, haldið fjölmarga tónleika, stýrt kórum og tónlistarhátiðum. Alexandra lauk M.Mus gráðu frá Listaháskóla Íslands, M.Ed. gráðu frá Háskólanum í Kiev, meistara-

gráðu í óperusöng og söngkennaraprófi frá Odessa tónlistarakademíunni og B.ED gráðu frá National Kiev Linguistic University. Þá útskrifaðist Alexandra jafnframt nýverið með MA gráðu í menningartjórun frá Háskólanum á Bifrost.

Alexandra er boðin velkomin til starfa hjá Mýrdalshreppi og henni óskað velfarnaðar í starfi.

Boðið verður upp á kynningu og áheyrnarprufur fyrir tónskólanum í sumar áður en innritun hefst í haust og eru foreldrar hvattir til að fylgjast með auglýsingum

á heima-síðu sveitarfélagsins og á Facebook.

A 1 e x - andra tekur við starfinu af Brian R. Haroldssyni



sem hefur starfað sem skólastjóri tónskólans frá árinu 2015. Brian eru færðar þakkir fyrir sín störf í þágu tónlistar og menningar í sveitarfélaginu og óskað velfarnaðar í framtíðarverkefnum.

## Minningargrein Árni Johnsen



Pað brýtur á Breka og ödu-dalirnir dýpka áður en brimklóin skellur á Urðirnar og sjávarlöðrið þeytist undan austanáttinni yfir byggðina á Heimaey. Þar drekkur ungvíðið í sig saltan sjóinn sem flýtur um í blóði æðakerfis þeirra. Pað gerir Eyjamenn öðruvisi en aðra, náttúran er þeim í brjóst borin. Peir verða ekki allir jafn mikil náttúrubörn eins og Árni Johnsen. Hann var stæðilegur eins og Jötunn sem útsynningurinn brýtur á og tekur mestan skellin af Smáeyjum þegar ólduhæðin er komin í tveggja stafa tölu. Hann var dökkr á brún og brá með skarpar línum sem skópu svipmikið andlitið. Röddin var djúp og tónninn eins og þegar vindkvíða syngur í reiðum og mastri en tónninn teygist og lendir með skell á beru bergi. Hohohó og dirrindi. Stórhöfðasvíta með öllum tilbrigðum í suðaustan 12. Þessi holling gerði Adda einstakan. Hann gekk um fjöll, berg og syllur eins og ég um stofugólf. Addi kleyf Eldey ásamt Dóru og vinum. Upp 70 metra þverhnípi án þess að líta til baka. Hann leit aldrei til baka og tókst á við lífið sem áskorun á hverjum degi. Þar kleif hann margan þverhníptan hamarinn til að ná takmörkum sínum og endurkomu. Hann var sterkastur þegar á móti blés en langvarandi mótvindur hafði áhrif á stoðkerfið sem hann gaf engan gaum. En þegar hann skall á með logni gafst tími til að sinna hæfileikum í tónlist, semja texta og skrifa bækur. Hann var listamaður í sér og listrænir hæfileikar hans bera honum víða vitni. Hann var fenginn til að finna sterkt nöfn á frægustu hljómsveitir landsins og þegar ritsjórum vantaði gildishlaðnar hnitríðaðar fyrir-sagnir í Morgunblaðið var leitað til Adda, með hans ritstíl og blæ.

Hann söng hástöfum með döttursyni mínum þegar þeir óku Brautina. Ferð sem drengurinn gleymir aldrei með karlinum sem söng svo skemmtilega. Hann var mjúkur inn við beinið þó oftar hafi hann sýnt vera harður og fyrirferðarmikill.

*Við syngjum saman þennan söng.*

*Því hann er minn og pinn.*

*Við göngum götuna mótt gæfu.*

*sem er þín og mínn.*

*Og dansinn dunar enn.*

*Síðastið dansinn senn.*

*Viðeigum stjórnú á næturhimni.*

*Astín mín ein.*

*Við Sigga vottum Dóru og fjöl-skyldunni hjartans samúð.*

*Ásmundur Friðriksson.*



LYSTIGARDURINN Í HVERAGERÐI  
**Aut í Blóma '23**  
**30. JÚNÍ - 2. JÚLÍ**



**FÖSTUDAGUR 30. JÚNÍ**

**17:00 FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR MEÐ BRÍET**

**21:00 STÓRTÓNLEIKAR MEÐ STEFÁNI HILMARSSYNI**

**LAUGARDAGUR 1. JÚLÍ**

\* DAGSKRÁ Í LYSTIGARDINUM

**SIRKUS ÍSLANDS · LATIBÆR · BMX BRÓS · HOPPUKASTALAR  
 LOFTBOLTI.IS · ÍS FRÁ KJÖRÍS · SUÐURLANDSDJAZZ · MATARVAGNAR,  
 MARKAÐIR OG KYNNINGAR Á ÝMSUM VÖRUM**

**20:00 FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR**

**FRIÐRIK DÓR · GDRN · JÓNAS SIG · UNNUR BIRNA  
 ÁSAMT LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA**

**23:00 DANSLEIKUR**

**STEFANÍA SVAVARS · GUNNAR ÓLASON · BLAZ ROCA · ÞÓRIR GEIR · GÍGJA MARÍN**

**SUNNUDAGUR 2. JÚLÍ**

**SUNNUDAGSTÓNLEIKAR Í REYKJADALSSKÁLA  
 MEÐ BJARTMARI GUÐLAUGS**

# íþróttir

## Níræður sundkappi kom heim með tvenn gullverðlaun

**SUND** Hinn níræði Tómas Jónsson tók þátt í landsmóti 50+ í Stykkishólmi um síðustu helgi.

Var Tómas sá eini sem keppti í aldursflokk 90+, bæði í 50 og 100 metra bringusundi á mótinu og fór létt með að hreppa gullið eftir frábæra frammistöðu.

Tómas, sem er frá Þóroddsstöðum í Ölfusi, starfaði sem lögreglumaður á Keflavíkurvelli til ársins 1963, þegar hann flutti á Selfoss þar sem hann hélt áfram lögreglustörfum til ársins 2002.

Merkilegt bykir að í ár eru 77 ár síðan Tómas stóð á verðlaunapalli í Hveragerði, árið 1946, þá 13 ára gamall, þar sem hann vann keppni í 1000 metra bringusundi. „Þá var maður þolin,“ segir Tómas hlæjandi í samtali við Dagskrána, en hann synti síðast 1000 metra bringusund fyrir 7 árum síðan, þegar 70 ár voru liðin frá því hann stóð fyrst á verðlaunapalli.



Tómas Jónsson á palli í Stykkishólmi. Mynd: Aðsend.

Tómas syndir 2-3 sinnum í viku og hefur gert megnið af ævinni. Hann setur aldurinn ekki fyrir sig, enda með einðæmum hraustur, og vinnur í 4 tíma á dag í Héraðsskjala-safni Árnesinga og hefur gert

síðustu 12 árin, en Tómas hefur ráðið sig hjá safminu til 100 ára aldurs. „Ég hef sagt við þau að ég verði þarna hjá heim, lifandi eða dauður, út ráðningarsamninginn,“ segir Tómas kíminn að lokum. *HGL*

## Penninn á loft hjá Selfossi körfu

**KÖRFUBOLTI** Þriðjudaginn 20. júní var sannkallaður stórhálfardagur í Vallaskóla þar sem samningar voru undirrit-aðir og stjórn og ráð félagsins komu saman.

Árni Þór Hilmarsson skrif-aði undir samning þess efnis að hann taki við meistaraflokk til næstu tveggja ára. Einnig mun hann sjá um akademíuna og vera yfirþjálfari yngri flokka. Geir Helgason verður honum innan handar í meistaraflokk sem spilandi aðstoðarþjálfari.

Sex leikmenn skrifuðu undir samning um að spila með meistaraflokk Selfoss Körfu á komandi leiktíð. Birkir Hrafn Eyþórsson og Ísær Freyr Jónasson endurnýjuðu samninga sína frá síðasta tímabil. Þá koma Arnór Bjarki Eyþórsson og Styrmir Þorbjörnsson til baka á Selfoss eftir stopp í Þorlákshöfn en einnig kemur Tristan Rafn Ottósson til liðsins frá Þór Þorlákshöfn.

Auk þeirra kemur Geir svo til baka eftir þriggja ára pásu frá körfubolta. Við sama tilefni var svo endurnýjaður samningur við Errea sem gildir næstu tvö árin og einnig var gert samkomulag við Sjúkrabjálfun Selfoss um að sjá um sjúkrabjálfun meistaraflokks.



Þá hefur ný stjórn tekið við en í henni sitja: Guðbjörg Bergsveinsdóttir (formaður), Linda Rós Jóhannesdóttir (gjaldkeri), Guðbjörg S. Kristjánsdóttir (ritari), Anna Valgerður Sigurðardóttir, Guðmundur Ármann Böðvarsson, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir og Þórey Helgadóttir

Eitt af fyrstu verkum þessarar nýju stjórnar var að koma á meistaraflokkssráði. Með til-komu meistaraflokkssráðs og barna- og ungmennaráðs, sem stofnað var fyrir síðasta tímabil, hefur innra starf félagsins styrkt til muna.

Í barna- og ungmennaráði sitja Ingunn Jónsdóttir, Jóhanna Hallbjörnsdóttir, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir og Trausti Jóhannesson.

Í meistaraflokkssráði eru Björgvin Jóhannesson, Björn Kristinn Pálmarsson, Guðmundur Ármann Böðvarsson og Stefán Magni Árnason.

*Selfoss karfa*



## Fyrsta keppni Íslandsmótsins í motocross í Ólafsvík

**MOTOCROSS** Fyrsta umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram um helgina í Ólafsvík. Mótið var haldið á vegum Motocrossklúbbs Snæfellsbæjar og voru rúmlega 70 keppendur skráðir til leiks. Brautin á Ólafsvík er sandbraut og bykir sú erfidasta í mótaröðinni. Frá UMFS voru fjórir keppendur sem tóku þátt. Eric Máni Guðmundsson sigrði unglingsflokkinn, Alexander Adam Kuc varð í 2. sæti í MX2, Ásta Petra Hannesson dóttir varð í 4. sæti í kvennaflokk og Ragnheiður Brynjólfssdóttir varð 3. sæti í 30+. Næsta umferð Íslandsmótsins fer svo fram á Akranesi þann 8. júlí næstkomandi. *UMFS*

## Anna Katrín Víðisdóttir íþróttamaður Hrunamannahrepps 2022

**V**iðurkenningar fyrir íþróttafrek á árinu 2022 voru afhentar í Hrunamannahreppi á hátiðardagskrá þjóð-hátiðardagsins eins og venja hefur verið.

Þrjú efnileg ungmenni hlutu viðurkenningar í þetta sinn. Það voru þau Aldís Fönn Benediktsdóttir frjáls-íþróttakona sem varð Íslandsmeistari utan húss í kúluvarpi 13 ára stúlkna, Anna Katrín Víðisdóttir körfuknattleikskona var í landsliði U16 stúlkna í körfuknattleik og lék á NM og EM síðasta sumar og loks Kormákur Hjalti Benediktsson sem varð Íslandsmeistari innanhúss í hástökki 13 ára pílda og einnig Íslandsmeistari í boðhlaupi 14 ára pílda utan húss.

Anna Katrín Víðisdóttir var síðan valin íþróttamaður Hrunamannahrepps árið 2022. Anna Katrín lék með sameiginlegu liði Hrunamanna og Selfoss í 10. flokki kvenna og var hún algjör lykilleikmaður í liðinum. Eins og áður hefur tekið fram var hún valin í lokahóp U16 ára landsliðs Íslands sem tók bæði þátt á Norðurlandamóti í Finnlandi og Evrópukeppni í Svartsfjallalandi. Var hún þar fyrirliði liðsins og skilaði því hlutverki vel. Hún er mjög jákvæður leiðtogi á vellinum og drífr



Anna Katrín Víðisdóttir.

liðsfélaga sína áfram með góðu hugarfari. Helstu styrkleikar Önnu inni á vellinum eru fjölbreyttar sóknarleikur og einnig hversu fylgin hún er í öllum sínum aðgerðum. Anna Katrín er einnig mjög jákvæð fyrirmynd yngri leikmanna og hefur verið körfuknattleikardeildinni hér í Hrunamannahreppi afar hjálpsöm sem sjálfbóðaliði. Hún hefur tekið að sér fjölmörg störf, meira að segja eftir að hún skipti um félag en frá haustinu 2022 hefur hún leikið með sameiginlegu liði Hamars/Pórs í 1. deild kvenna.

Eru þessum efnilegu ungmennum færðar hamingju-óskir með góðan árangur.



Erla Sigríður Sigurðardóttir formaður heilsu-, íþrótt- og tómstundaneftar og Sara Sigurbjörnsdóttir íþróttamaður Rangárþings ytra 2022. Mynd: Rangárþing ytra.

## Sara Sigurbjörnsdóttir er íþróttamaður Rangárþings ytra 2022

**H**estakonan Sara Sigurðardóttir er íþróttamaður Rangárþings ytra 2022.

Sara býr og starfar í Oddhól og keppir fyrir Hestamanna-félagið Geysi. Sara átti frábært keppnisár 2022 með Flóka og Flugu frá Oddhól. Sara er frábær fyrirmynd innan vallar sem utan og hefur verið með fremstu knapa í hestaiþróttum síðustu ár. Sara er vel að þessari viðurkenningu komin.

Það var Erla Sigríður Sigurðardóttir formaður heilsu-, íþrótt- og tómstundaneftar sem afhenti Söru viðurkenningu.

*Rangárþing ytra*

**Helsti árangur Söru á árinu 2022:**

- Reykjavíkurmeistari í Fimmgang F1 á Flóka frá Oddhól
- Reykjavíkurmeistari í Fjórgangi V1 á Flugu frá Oddhól
- Íslandsmeistari í Fimmgang F1 á Flóka frá Oddhól
- Landsmótssigurvegar í Fimmgang F1 á Flóka frá Oddhól



Myndir: Torfi Stefán Jónsson.

## Njálssaga í Þingvallagöngu

**G**uðni Ágústsson ræddi Njálssögu í Þingvallagöngu síðasta fimmtudagskvöld. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, flutti ávarp, Ólafia Hrönn Jónsdóttir leikkona flutti Gunnarshólma og Karlakórinn Öðlingar sungu.

Guðni hóf erindi sitt með getgátu um hvar og hverjir skrifuðu Njálssögu. Hann vitnaði til Óskars Guðmundssonar rithöfundar sem hefur sett fram þá kenningu að hún sé skrifuð í Reykholti. Guðni sagði að sjaldan væri rætt um hversu Snorri Sturluson væri mikil tengdur Rangárvallaslu, alinn upp í Odda til tuttugu og þrigga ára aldurs af Jóni Loftsyni höfðingja Oddaverjanna og því Rangæringur og oddaverji að upplagi. Enn fremur hefði hans þróða kona, Hallveig Ormsdóttir, verið Rangæringur, sonardóttir Jóns Loftssonar. Snorri byggði upp menningarsetur í stíl Oddaverjanna í Reykholti og taldi Guðni líklegt að bæði Snorri og Hallveig hefðu oft á síðkvöldum sagt sögur úr Rangárþingi. Þar hefðu setið á skólabekk og ritstjórninni margir bestu sagnamenn þess tíma, svo sem bræðurnir Sturla og Ólafur hvítaskáld Þórðarsynir, bræðrasynir Snorra, og enn fremur sá maður sem tók við ritstjórninni eftir látt Snorra Egill Sölmundarson, systursonur Snorra. Guðni sagði að Njálssaga væri svo skemmtileg á köflum að þar væri um



hreint uppistand að ræða eins og það er nefnt í nútímanum. Hins vegar lagði hann upp með í sínu erindi áhrif kvenna á atburðarásina og taldi sjö konur mestu hafa ráðið um stærstu örlog sögunnar. Þar kallaði hann fram Unni Gígju Marðardóttur, Gunnhildi Kóngamóður, Melkorku Mýrkjartansdóttur, Hallgerði Langbrók Höskuldsdóttur, Bergþóru Skarphéðinsdóttur, Þorgerði Glúmsdóttur og Hildigunni Starkaðardóttur sem hann taldi glæsilegustu persónu sögunnar. Samkomunni lauk á Lögbergi og um tvö hundruð gestir fylgdu sögumannini eftir í göngunni. Öðlingarnir sungu Skarphéðinn í brennunni þegar Guðni hafði lýst hetjunni standandi við gaflaðið, glottandi við tönn, hergarpi Íslands. Og máttu Öðlingarnir syngja lagið tvísvar. Það gerði skúrir þetta kvöld en gestir voru vel búinir og um tíma var hörfðað inn í Snorrastofu Þjóðgarðsins á Hakinu.



Mynd: Listasafn Árnessinga.

## Vel heppnaður sunnudagur í Listasafninu

**Y**fir 200 manns heimsóttu Listasafn Árnessinga í Hveragerði á sunnudaginn á þrjá mismunandi viðburði. Fyrst voru Aðalheiður Eysteinsdóttir og vinir með gjörning og svo var Rakel

Pétursdóttir með leiðsögn um sýninguna og að lokum var Hildur Hákonardóttir með fyrirlestur. Dásamleg stund í safninu á þessum rigningardegi.

Listasafn Árnessinga



## BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚI Í UPPSVEITUM ÁRNÉSSÝSLU

Sveitarfélögin Bláskógbabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga auglýsa laust til umsóknar starf byggðaþróunarfulltrúa.

Byggðaþróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðlu á sviði atvinnu- og byggðaþróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðaþróunar, auk þess kemur hann að ferðatengdum málum og fjölmenningu. Byggðaþróunarfulltrúi sinnir verkefnum í samráði við sveitarfélögin fjögur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Einnig starfar fulltrúinn með samstarfshópi samtakanna og öðrum byggðaþróunarfulltrúum á Suðurlandi.

Um er að ræða allt að 100% starfshlutfall og hefur viðkomandi starfsaðstöðu á skrifstofum Bláskógbabyggðar í Aratungu, Reykholti. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Bláskógbabyggðar.

### HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA

- Veita ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála með sérstaka áherslu á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Aðkoma að fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla
- Vinna við söfnun og greiningu upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála
- Vinna að upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningar og byggðamála
- Hvetja hagaðila innan svæðis til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum
- Styðja við stefnumörkun sveitarfélaganna á sviði byggðamála og framfylgir einstökum aðgerðum
- Vinna að og þróa svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila
- Vinna að innleiðingu og eftirfylgni sameiginlegrar atvinnustefnu sveitarfélaganna
- Vinna að ferðatengdum málum, m.a. ráðgjöf og upplýsingamiðlun og þátttaka í faghópi sveitarfélaga á Suðurlandi og Markaðsstofu Suðurlands
- Aðkoma að fjölmenningarmálum, þ.m.t. gerð móttökuáætlunar
- Viðkomandi vinnur í samstarfi við oddvita og sveitarstjóra sveitarfélaganna fjögurra

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða ráðgjöf æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti (á íslensku)
- Frumkvæði í starfi og samstarfsfús
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram
- Þekking á nærsamfélagini og áhugi á að efla sitt tengslanet

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu í Árnéssýslu og geti hafið störf sem fyrist.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2023. Umsókn skal skilað stafrænt á Alfreð ([www.alfred.is](http://www.alfred.is)) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Ásta Stefánsdóttir ([asta@blaskogabyggd.is](mailto:asta@blaskogabyggd.is) / sími 480 3000) og Þórður Freyr Sigurðsson ([thordur@sass.is](mailto:thordur@sass.is) / sími 480 8200).

# Framkvæmdastjórn Hamars lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu íþróttamála í Hveragerði

Sextán mánuðir eru liðnir frá því að Hamarshöllin eyðilagðist í óveðri í febrúar árið 2022.

Á þessum 16 mánuðum hefur ýmislegt gerst en þó ekkert.

Fyrverandi meirihluti ákvað að endurreisa loftborna höll. Nýr meirihluti ákvað að svo yrði ekki. Hér í næstu línum ætlum við að fara yfir málid í tímarröð frá því að sú ákvörðun var tekin.

## 18. júlí 2022

Að bæjarstjórnarfundi var ákveðið að Hamarshöllin yrði endurbyggð sem einangrað hús með burðarvirki úr stálgrind eða öðrum föstum efnum. Á sama fundi var ákveðið að setja á laggirnar hönnunarhóp en hlutverk hans var að koma með tillögur að hönnun hússins og fyrirkomulagi þess. Í hópnum sátu fulltrúar stjórnamálaflokkanna, byggingsfulltrúi, þáverandi íþróttamenningar- og fristundafulltrúi og númerandi formaður Hamars.

## 22. ágúst 2022

Hönnunarhópurinn skilar af sér.

## 6. október 2022

Meirihluti bæjarstjórnar á sam-



Hamarshöllin á meðan hún stóð. Mynd: Aðsend.

ráðsfund með rádgjöfum um enduruppbyggingu Hamars-hallar.

## 8. október 2022

Vinnufundur meirihluta bæjarstjórnar auk byggingarfulltrúa, framkvæmdastjórnar Hamars og verkfæðingum Mannvits og Alark.

Á fundinum voru ýmsar hugmyndir kynntar fyrir stjórn Hamars. Niðurstaða fundarins var sú að ný bygging myndi bjóða öllum deildum Hamars upp á sambærilega aefingaað-

stöðu og áður var, stjórn Hamars gæti ekki lagt blessun sína við neitt minna.

## 8. desember 2022

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum að setja 1. áfanga nýrrar Hamarshallar í alútboði.

## 6. janúar 2023

Áramótakveðja bæjarstjóra birt á vef Hveragerðisbæjar þar sem segir:

*„Hamarshöllin hefur spilað stórt hlutverk í esflingu íþróttastarfs í Hveragerði og verið einn af hornsteinum bæjarins. Það var því mikil áfall fyrir bæjarfélagið að missa aðstöðuna fyrir um ári síðan en nú horfir til betri vegar, þar sem hannað hefur verið glæsilegt framtíðarmannvirki sem mun risa á grunni þess fyrri. Horft er til framtíðar á uppyggingu Hamarshallarinnar þar sem fjárfest er til vaxtar og aðstaðan geti staekkað og eflst í takt við aukna íbúðabyggð. Er nú verið að leggja lokahönd á útboðsgögn sem aettu að vera tilbúin á næstu dögum.“*

## 16. janúar 2023

Auglýsing eftir bjóðendum í nýja Hamarshöll sett í loftið á útboðsvef.

## 10. mars 2023

Matsnefnd skipuð til að fara yfir tilboð í nýja Hamarshöll.

## 23. mars 2023

Tilboð opnuð. Fimm tilboð bár-ust, öll yfir kostnaðaráætlun.

## 3. apríl 2023

Bæjarstjórn ákveður að hafna öllum tilboðum sem bárust í alútboðinu og að efna til samkeppnisútboðs eða samkeppnisviðræðna.

## 4. apríl 2023

Framkvæmdastjórn Hamars óskar eftir að fá fund með bæjarstjórn til að fá upplýsingar um stöðu mála.

## 11. apríl 2023

Fundur með meirihluta bæjarstjórnar.

Framkvæmdastjórn tjáð að öllum tilboðum sem bárust í

an við nýtt skipurit hófst hafa orðið breytingar í starfsmannahópnum og við það sköpuðust ný tækifæri sem nauðsynlegt var að bregðast við. Menningar- íþróttar- og fristundafulltrúi hætti störfum og staða atvinnumenningar- og markaðsfulltrúua kemur í hans stað.“

Staða íþróttamálen, sem hvergi er á minnst í nýju skipuriti bæjarins, munu því hér eftir vera annars vegar á borði nýstofnaðrar velferðar- og fræðslunefndar og hins vegar á borði bæjarstjóra og bæjarráðs.

Íþróttamálin sem ádur heyrðu undir sér nefnd og starfsmann bæjarins hefur nú verið dreift á margar hendur og sett undir nefnd sem hefur önnur og gríðarlega stór og mikilvæg verkefni undir höndum.

Það er ekki hægt annað en að draga þá ályktun að verið sé að smætta vægi íþróttamála hjá bænum með þessum breyttingum.

Það er að mati stjórnar Hamars alvarlegt að málefni íþróttá í bænum fái ekki meira vægi en þetta. Búið er að deila verkefnum sem ádur voru á hendi íþróttamálen, og fristundafulltrúa á fjölmargu aðila sem torvelda mjög boðleidiðir fyrir íþróttahreyfinguna í bænum.

Aðal- og framkvæmdastjórn Hamars, sem og stjórnir hvernarr deildar, eru sjálfboðaliðastjórnir sem ádur gátu með góðu móti haft öll sín samskipti varðandi starfið við einn starfsmann bæjarins sem bar ábyrgð á málefnum og vann að málefnum og kom þeim í réttan farveg hverju sinni, hvort sem það var sem starfsmaður í stjórn menningar-íþróttar- og fristundanefnd eða sem samstarfsmaður bæjarstjóra. Í dag þarf framkvæmdastjórn Hamars, í sjálfboðavinnum, að taka við erindum frá þjálfurum eða stjórnunum deilda náðum og vera milliliður og koma þeim málum áleiðis til rétra aðila.

Stjórn Hamars harmar þá stöðu sem er komin upp og hvetur bæjarstjórn til að upplýsa bæði stjórnina sem og íbúa alla um hver staðan varðandi uppbryggingu Hamarshallar er því þó aðstöðuleysið sé slæmt þá gerir upplýsingaleysið um stöðuna mála stöðuna enn verri.

Þá hvetur stjórnin bæjarstjórn til að endurskoða þá pólitisku ákvörðun að leggja niður starf menningar-íþróttar- og fristundafulltrúua (sem og nefnd menningar-íþróttar- og fristundamála) og ráða í staðinn atvinnu-menningsar- og markaðsfulltrúua.

## Dagbókin

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Formaður bæjaráðs og oddviti  
Framsóknar í Hveragerði

Frá því um áramót hef ég deilt fréttum, af störfum mínum sem forseti bæjarstjórnar og nú formaður bæjarráðs í Hveragerði, á Facebooksíðu tileinkaðri þessum verkefnum. Hér má sjá brot úr dagbókinni.

Vikan hófst með meirihluta fundi þar sem bæjarstjóri fór yfir verkefnastöðuna. Fjölmargt var á efnisskránni eins og undanfarna fundi. Skipulagsmálin voru rædd en á fundi bæjarráðs 1. júní var samþykkt að auglýsa nýjar lóðir við Varmá. Um er að ræða 8 lóðir í þremur götum Álfafelli, Breiðumörk og Álfakletti. Heildarfjöldi íbúða er 12 talsins. Undirbúnингur er í fullum gangi til að hægt sé að úthluta þessum lóðum á fyrsta fundi bæjarráðs í september. Hér er um að ræða einstakar lóðir við eina af náttúruperlum Hveragerðis, Varmá.

Fyrsta skóflustungan vegna byggingar þriðja áfanga viðbyggingar Grunnskólangs í Hveragerði var tekin 3. júní. Við gleðjumst að sjálfögðu yfir þessum framkvæmdum.

Íþróttamálin heyra undir bæjarstjóra og var ánægjulegt að heyra um þau góðu samskipti og þá fundi sem hann hefur átt með fulltrúum 6 deilda Hamars þ.e. körfubolta, sundi, blaki, fótbolta, badminton og fimleika. Á þessum fundum var nýting á

íþróttahúsini við Skólamörk rædd sem og önnur aðstaða og hvernig mætti bæta hana. Hefur bæjarstjóri einnig átt gott samtal við nágrannasveitarfélög varðandi samstarf um íþróttaaðstöðu. Einnig eru drög að stundatöflum tilbúin á náðu.

Það hefur vart farið fram hjá neinum sem keyrir um Kambana að undirbúnингur fyrir Zip linuna er á lokametrunum. Með tilkomu Zip linunnar eflið enn flóra ferðabjónustannar í Hveragerði.

Að lokum var gaman að fylgjast með 5. flokki Hamars drengja í knattspyrnu keppa við Vestra hér á heimavelli. Undir lok leikjarins mættu meistaraflokkus menn til að aða á vellinum og gáfu sér tíma til að fylgjast með sínum mönnum og hvetja þá áfram. Drengirnir í 5. flokki eldust við hvatingu þessara góðu fyrirmynda og sigrúðu leikinn!

Dagbókina í heild sinni er að finna hér: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100080504735082>

alútboðinu verði hafnað.

Farið verði í samkeppnisviðræður við þá aðila sem áttu gilt boð. Var þessum viðræðum aðlað að finna leiðir til að koma húsinu upp fyrir minni kostnað. Var m.a. nefnt í því samhengi að bíða með kyndingu, lýsingu og loftræstingu.

Matsnefndinni var falið að fara í að undirbúa þessar viðræður.

## 4. júní 2023

Framkvæmdastjórn óskar eftir fundi, formlegum eða óformlegum til að fá upplýsingar um stöðu mála.

## Staðan í dag

Framkvæmdastjórn biður enn eftir upplýsingum um stöðu mála.

Bæjarstjórn hefur ekkert gefið út um stöðu mála í fréttum á heimasíðu sinni síðan 23.mars sl. og stjórn Hamars engar upplýsingar fengið síðan á fundinum þann 11.apríl þrátt fyrir fögur fyrirheit um að halda stjórninni upplýstri um stöðuna hverju sinn.

Það er auðvitað öllum ljóst að ekkert hús verður risið hér í haust. Við erum því að fara inn í annan vetur þar sem aðstaða til íþróttaiðkunar er verulega skert frá því sem ádur var.

## Starf menningar-íþróttar- og fristundafulltrúua lagt niður

Á sama tíma og áskoranir í íþróttastarfi hafa sjaldan eða aldrei verið meira hafa verið gerðar skipulagsbreytingar og starf menningar-íþróttar- og fristundafulltrúua verið lagt niður. Stjórn Hamars lýsir yfir verulegum áhyggjur vegna þessa breytinga.

Þau verkefni sem menningar-íþróttar- og fristundafulltrúu sinnti hafa ekki minnkað eða horfið heldur þvert á móti. Á fundi stjórnar með meirihluta bæjarstjórnar þann 11.apríl sl. var stjórninni tjáð að verkefni þessi væru nú á borði bæjarstjóra, þangað til nýtt skipurit tæki við.

Nú hefur nýtt skipurit verið kynnt og segir í bókun meirihluta bæjarstjórnar að bæjarstjórnarfundi þann 7.júní sl. að

„Frá því að úttektin og vinn-

# OPIÐ HÚS KLETTAMÓI 9

## SUNNUDAGINN 2. JÚLÍ KL. 13:00-14:00

### Ertu þú fyrsti kaupandi?

Eða hefur þú ekki átt fasteign í 5 ár eða lengur?

Nú er hægt að fá hlutdeildarlán á nýjum eignum í Þorlákshöfn. Þú þarf aðeins að greiða út 5% útborgun. HMS veitir 20% lán, án afborgana og vaxtagreiðslna.

#### Verðdæmi:

Einstaklingur kaupir sína fyrstu íbúð í Klettamóa 9 sem er 70,5 m<sup>2</sup>.

- Íbúðin kostar kr. 44.800.000,-.
- Einstaklingurinn þarf að eiga í útborgun kr. 2.240.000,-.
- HMS veitir lán kr. 8.960.000,-.
- Lánastofnun veitir lán kr. 33.600.000,-.



Elín Káradóttir  
Löggiltur fasteignasali

Sigurbjörg H. Sigurjónsdóttir  
Aðstoðarmaður fasteignasala

**NÁNARI UPPLÝSINGAR  
HJÁ BYR FASTEIGNASÖLU  
S. 483 5800  
BYR@BYRFASTEIGNASALA.IS**



Austurmörk 7, 810 Hveragerði | Sími 483 5800 | byr@byrfasteignasala.is | www.byrfasteignasala.is

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslysingar eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

#### 1. Íshellir í Langjökli; Skilgreining afþreyningar- og ferðamannasvæðis; Skipulagslysing; Aðalskipulagsbreyting - 2304027

Sveitarstjórn Bláskögabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 14. júní 2023 að kynna skipulags- og matslysingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskögabyggðar auk nýs deliskipulags. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í瑟 að skilgreina afþreyningar- og ferðamannasvæði á Langjökli þar sem fyrirhugað er að gera manngerðan íshelli sem áfangastað fyrir ferðamenn. Þá verður einnig unnin deliskipulagsáætlun fyrir svæðið þar sem nánari útfærla íshellsins verður tilgreind.

#### 2. Hagi 2 L166551; Náma og aðkoma; Aðalskipulagsbreyting - 2306043

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. júní 2023 að kynna skipulagslysingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreiningar á nýju efnistökum svæði í landi Haga 2, L166551. Gert er ráð fyrir því að náman verði um 1,5 ha að stærð og að heimilt verði að vinna allt að 45.000 m<sup>2</sup> á gildistíma aðalskipulags.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar og nýrra deiliskipulagsáætlana:

#### 3. Fellsendi land L222604; Tvö íbúðarhús og hlaða; Deiliskipulag - 2303062

Sveitarstjórn Bláskögabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Fellsenda lands, L222604. Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á 119,6 ha landi Fellsenda lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu tveggja íbúðarhúsa og úthúss. Gert er ráð fyrir uppbyggingu landbúnaðar sem tengist ræktun hunda og hundahaldi auk þess sem áfram verði rekin ferðapjónustustarfsemi tengd sleðahundum á svæðinu.

#### 4. Búðarhálsvirkjun; Breytt afmörkun; Deiliskipulagsbreyting - 2212068

Heppnsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. maí 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Búðarhálsvirkjunar. Með breytingunni er skipulagssvæðinu breytt og sá hluti þess sem náið yfir Hrauneyjafossstöð er felldur út. Þrjár námur sem komnar eru undir Sporðöldulón eru feldar úr. Engar nýjar framkvæmdir eða mannvirki verða heimiluð. Samhlíða deiliskipulagsbreytingunni er unnið deiliskipulag fyrir Hrauneyjafossstöð. Breytt afmörkun skipulagsvæðisins er 7.543 ha.

#### 5. Gaulverjabæjarskóli L165520; Ferðapjónusta; Deiliskipulag - 2305043

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2023 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Gaulverjabæjarskóla L165520. Í deiliskipulaginu felst stækkan á núverandi lóð

úr 1,3 ha í 2,74 ha. Á núverandi lóð er fyrirhugað að byggja við núverandi aðstöðu Gaulverjabæjarskóla en í síðari áföngum er heimilt að byggja allt að 10 stök gistihaus/smáhýsi norðan við Gaulverjabæjarskóla, á því svæði sem stækkan lóðar nær til. Samanlagt leyfilegt byggingarmagn innan stækkaðrar lóðar er áætlað 1.200 m<sup>2</sup>.

Samkvæmt 32. skipulagslag nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstöða sveitarstjórn vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

#### 6. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Breytt undirgöng; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2305097

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem kemur til vegna nýrrar legu þjóðvegar 1 um svæðið. Í breytingunni er gert ráð fyrir faekun undirganga undir þjóðveg auk þess sem stærð landnotkunarfláka er uppfærð m.v. umfang nýrrar tengingar. Niðurstöða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

#### 7. Laugarás; Þéttbýli og frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 211009

Sveitarstjórn Bláskögabyggðar samþykkti tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Laugarásí og frístundabyggðar sem liggr að þéttbýlinu eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar á fundi sínum þann 15. maí 2023. Sveitarstjórn mældist til þess að tillagan tæki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Niðurstöða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatn á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsloðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.flóahreppur.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 - 2 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 29. júní 2023 með athugasemdafrest til og með 20. júlí 2023.

Mál 3 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 29. júní 2023 með athugasemdafrest til og með 11. ágúst 2023.

Mál 6 - 7 eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdu og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatn eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson,  
skipulagsfulltrúi UTU

## FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
s. 482 1022 gsm 788 0300

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlfundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**  
Polskie mitingi aa grupa krokus.  
Poniedziałek i czwartek godzina  
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters anonymous alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkní**  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkní**  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi  
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttigar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
**S. 662 1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**KJARNA BÓKHOLD**  
Bókhald • Framtíð • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.  
Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf skattskil**

**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**

**Persónuleg þjónusta**



**VH Tækjaleiga**  
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.  
Upplýsingar í síma 892 5741.

**HSH**  
**þrif og flutningar**



Tökum að okkur reglugleg þrif fyrir sumarhús, hotell, gistiheimili og fyrirtæki. Almennar ræstingar, auka þrif og ýmis önnur þjónusta.

Erum staðsett á Suðurlandi.  
Gerum tilboð sem hentar þínun þörfum.

**Hægt er að nálgast frekari upplýsinga í síma 792-1727 eða í tölvpóst á hshflutningar@gmail.com**

**HSH** þrif og flutningar ehf.  
er fyrirtæki með persónulega þjónustu sem er með 10 ára reynslu í þrifum og flutningum.



Menningarsalur Suðurlands á Selfossi í dag. Mynd: Dagskráin/BRV



## Heimili menningarinnar

Frá því gamla Selfossbíó var rifið árið 1986 (fyrir bráðum 40 árum síðan) hafa Selfyssingar ekki átt heimili fyrir menningu svæðisins. Þetta hefur haft þau áhrif, að tónleikahald, leiksýningar, danssýningar og aðrir listviðburðir hafa þurft að leita uppi ymsa staði til að koma list sinni á framfæri.

Tónlistarskóli Árnesinga hefur ekki farið varhluð af stöðu málá. Í húsnæði tónlistarskólans á Selfossi er lítl salur sem nýtist fyrir litla haust- og vortónleika,

## KIRKJUR

**Aðventistar**  
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 1. júlí. Bíblíulexíur kl. 11 og guðspjónusta kl 12. Verið velkomin.

**Selfosskirkja**  
Messa kl. 11. Prestur Axel Á Njarðví. Organisti Ester Ólafssdóttir og kirkjukór leiðir söng. Verið velkomin.

**Skálholtskirkja**  
Kantötumessa kl. 14 í tengslum við Sumartónleikana í Skálholti. Kantatan „Sehet, wir gehn hinauf gen Jerusalem“ BWV 159 verður flutt. Axel A. Njarðví pre dikar og þjónar fyrir altari, ásamt Kristjáni Björnssyni, víglubisk upi í Skálholti. Flytjendur: María Konráðsdóttir sópran, Benedikt Kristjánsson tenór, Oddur Arnþór Jónsson bassi. Bachsveitin í Skálholti ásamt Skálholtskórnum.

## HEILSA

**Með Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með augnlestur en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með Nudd og svæðanudd -

**Heiðar Ragnarsson**  
Heilsulindinni í Miðgarði  
s. 8981501

en hljómburður er ekki nema rétt í meðallagi.

Allir viðburðir innan skólangs þar sem gert er ráð fyrir fleiri en 60 áheyrendum hafa verið á hrakhólmum. Flytjendur á stærstu viðburðum tónlistarskólans eru um 120 – 130 og áheyrendur um 300 talsins, en skólinn hefur ekki aðstöðu sem rúmar slika viðburði.

Við höfum fengið inni t.d. í anddyri Sunnulækjarskóla, sal Fjölbautaskóla Suðurlands, gamla frystihúsinu á Stokkseyri, Íþróttahúsi Vallaskóla, Íþróttahúsi Fjölbautaskólans, Íþróttahúsinu á Laugarvatni, Selfosskirkju og Hveragerðiskirkju. Aðstaða nemenda á þessum stöðum er misjöfn og mikil fyrirhöfn að stóla upp fyrir viðburði (baði fyrir áheyrendur og nemendur) og flytja allan búnað á tónleikastað.

Okkur er alls staðar vel tekið, en enginn þessara staða er ætlaður til tónleikahalds og hljómburði viðast hvar áfátt nema í kirkjunum. Þessir staðir eru fyrst og fremst skóli, íþróttahús, hotel og kirkja, ekki tónleikahús. Panta þarf íþróttahús með margra mánanda fyrirvara, grunnskólar og fjölbautaskólinn eru með mjög dempaða hljóðvist og alreið alveg öruggt hvort kirkjurnar eru lausar vegna jarðarfara eða annarra kirkjulegara athafna. Þá vantar yfirleitt alls staðar flygil á þessa staði og fá píanonemendur því sjaldan tækifaeri til að leika á göt hljóðfæri á stærri tónleikum.

Menningarlíf á Suðurlandi er mjög blómlegt, en það er „á götunni“. - Heimili menningarinnar er ekki til.

Vandaður tónleikasalur með góðum hljómburði opnar svo mörg tækfæri og möguleika fyrir svo marga, sem ekki er hægt að hugsa sér við núverandi aðstæður.

Við hugsum til tónleikahalds, óþerusýninga og söngleikja á vegum Tónlistarskóla Árnesinga, Tónsmiðju Suðurlands, Sinfóniuhljómsveitar Suðurlands og kóra svæðisins (sem eru fjölmargir). Við hugsum til leiksýninga á vegum Leikfélags Selfoss og nemenda Fjölbautaskóla Suðurlands (sem reyndar nýttu menningarsalinn ískaldan og hráan til sýninga um árabil) og við hugsum til danssýninga á vegum Dansakademíunnar - og ýmissa fleiri viðburða.

Svo er ekki síður mikilvægt að góð aðstaða til tónleikahalds

og sýninga, dregur flytjendur og áheyrendur annars staðar að inn á svaðið og eykur þannig enn á menningarflóru Suðurlands. Sunnlendingar allir og þeir fjölmörgu gestir sem hingað koma, njóta þannig góðs af. Sinfóniuhljómsveit Íslands og Sinfóniuhljómsveit Norðurlands, kórar og kammerhópar af öllu landinu gætu haldið tónleika. Við gætum tekið á móti leiksýningum og allra handa listsýningum og yrðum um leið svo miklu ríkari að menningu.

Við höfum stundum velt fyrir okkur hvers vegna svona illa gangi að koma þaki yfir menninguna hjá okkur. Íþróttamannvirki hafa byggst upp jafnt og þétt í gegnum áratugina og aðstaða til íþróttaiðkunar á Selfossi má teljast mjög góð, jafnvel á heimsmælikvarða – sem við fögnum að sjálfsögðu. - Menningarsalurinn hefur hins vegar látið á sér standa.

Er ástæða þess að íþróttunum gengur betur en listunum að koma yfir sig húsi, að í íþróttir velst keppnisfólk sem er duglegt að láta í sér heyra?

Er fólk í listum svona hlédrægt að það nær ekki eyrum ráðamanna sem halda um pyngjuna? - Setja listamenn bara alla orkuna í að æfa dagskrá og miðla til áheyrenda – og þó aðstaðan sé ekki nóg góð, er það bara látið duga? Það er ekki gott til lengdar.

Ráðamenn þurfa líka að passa upp á hljóðu börnin.

Frá því gamla Selfossbíó var rifið árið 1986, hefur íbúum Sveitarfélagsins Árborgar (sem áður fóstraði fjóra hreppa) fjölgð að úr um 5.000 íbúum (1990) í rúmlega 11.000 um síðustu áramót ... og í Árnессýslu allri hefur íbúum fjölgð að sama tíma úr um 11.000 íbúum í nálægt 21.000 íbúa.

Við teljum tímabært að samfélagið allt sameinist um að koma upp fyrir myndar aðstöðu til listflutnings, svo íbúum svæðisins standi til boða að ræktバæði líkama og sál í heima byggð.

Ef velbúinn menningarsalur, sem rúmar stóra viðburði í 21.000 íbúa samfélagi, lítur dagsins ljós, horfum við fram á bjartari tíð með menningarblóm í haga Sunnlendinga.

Helga Sighvatsdóttir,  
skólastjóri Tónlistarskóla  
Árnesinga

# Sumarið kemur og fer en það er alltaf von

**V**ið verðum víst að sætta okkur við þann veruleika að geta ekki stjórnad veðursarinu en við getum þó haft jákvæð áhrif á aðra þætti í samfélagini sem og okkar eigin viðhorf. Það má kannski segja að það sé lúxusvandamál að pirra sig yfir veðursarinu í stað þess að njóta bara útiveru, bæjarhátiða eða annarra skemmtilegra verkefna, sem eru nokkur hérrna í Sveitarfélagini Árborg.

## Leikskólamálín í góðum farvegi

Vel hefur gengið að úthluta leikskólaplássum og nú þegar hafa öll börn fædd í maí 2022 og áttu umsókn fengið úthlutað plássi í leikskóla frá og með næsta hausti. Það er ánægjulegt að sveitarfélagið geti úhlutað svo mör gum börnum rými í leikskólum Árborgar. Markmiðið er að halda áfram uppbyggingu þessara lykilinnviða. Um leið er til skoðunar að fjölgja valkostum fyrir foreldra svo sem í samvinnu við einkarekna leikskóla. Samfélag af okkar stærð ber það fyllilega að minu mati að bjóða upp á fjölbreytta valkost í rekstri leikskóla.

## Stafraen þróun á rétti leið

Þróun í stafraenni tækni hjá sveitarfélagini hefur gengið vel og áhersla verið lögð á að vinnuumhverfi starfsmanna sé í gegnum skýjaumhverfið „Office 365“. Það má segja að Covid 19 hafi ýtt sveitarfélagini mjög hratt í þessar breytingar. Eðli málins samkvæmtu þurfti að vinna úr ýmsum hliðarverkunum í kjölfarið til að ná fram sem bestri virkni fyrir starfsmenn.

Þróunin í þessum málaflokki er hröd og nú í maí varð Sveitarfélagið Árborg fyrst sveitarfélaga til að birta starfsfólk launaseðla þess í gegnum pósthólf hins

Bragi Bjarnason

Formaður bæjarráðs Árborgar og oddviti Sjálfstæðisflokkssins í Árborg



opinbera á island.is. Það felur í sér hagræðingu í rekstri þar sem sveitarfélagið þarf ekki að greiða fyrir þá birtingu líkt og í gegnum heimabanka. Markmiðið er að sem flest gögn, umsóknir og upplýsingar frá ríki, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum fari í gegnum sama svæðið á island.is. Ibúar geti þá með einfaldari hætti og á sama stað sott um þjónustu eða fengið send gögn.

## Þekkt fyrir fjölbreytt hátiðarhald

Þegar kemur að bæjarhátiðunum er Sveitarfélagið Árborg þekkt fyrir litríkar og skemmtilegar hátiðir. Nú um helgina voru Jónsmessuhátið á Eyrarbakka og Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára á Selfossi. Helgina 29. júní-2. júlí er haldið Íslandsmót í hestaþróttum á Selfossi ásamt hjóreiðakeppnninni KIA Gullhringnum. Sömu helgi blása síðan Stokkseyringar til álegrar Bryggjuhátiðar. Grill og tónlistarhátiðin „Kótelettan“ fer fram 7.-9. júlí og Sumar á Selfossi lokar sumrinu dagana 10.-13. ágúst. Nánari upplýsingar um bæjarhátiðir í Árborg má finna á www.arborg.is.

Ýmsir aðrir viðburðir eru síðan í gangi yfir sumarið og má nefna knattspyrnuleiki, sumarlestur á bókasafnini á Selfossi alla miðvikudaga og fleira. Það er því sannarlega mikið um að vera í Sveitarfélagini Árborg í sumar og ættu allir að finna sér eithvað skemmtilegt að gera.



Mynd: Rarik.

## Rarik á Selfossi flytur í nýtt húsnæði

Síðastliðinn föstudag flutti Rarik starfsstöð sína á Selfossi í nýtt húsnæði við Larsenstræti 4 og hófu svo fulla starfsemi þar mánudaginn 26. júní.

Framkvæmdir við nýja starfsstöð hófust í janúar 2021 og felur þessi nýja aðstaða í sér bætt vinnuskilyrði starfsfólk og hagræði fyrir reksturinn sem framvegis verður á einum stað í

# Suðurlandsdjazz í Tryggvaskála 2023

Alla laugardaga klukkan 15 verður djazz

Á aluðlegu umhverfi Tryggvaskála.

Tónleikaröðin er að festast í sessi og vonandi að sumarið fari að lenda almennilega.

Næsta laugardag kemur enginn annar en Beggi Smári með sitt band, þar verður því blús sem mun svífa yfir.

Fritt er á viðburðina í boði Tryggvaskála, SASS, Viking léttöl, Menningarsjóði FiH og Sub ehf.

Tónleikar verða alla laugardaga fram í ágúst og vonumst við eftir að sjá sem flesta í sumar.



## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

### Auglýsing um niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar

**Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaða nr. 123/2010** er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna breytinga á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Fagurgerði – Grænuvelli og Miðbæjarins á Selfossi.

#### Fagurgerði - Grænuvelli - Deiliskipulagsbreyting

Bókun Bæjarstjórnar Árborgar 21.6.2023:

#### Mál frá fundi skipulagsnefndar 14.6.2023.

Breytingin deiliskipulags snýr að því að lóðinni Fagurgerði 5 er skipt upp í tvær lóðir. Byggingarheimildir á deiliskipulagssvæðinu eru yfirfarnar og breytt að hluta til. Gerð er breyting á greinargerð og uppdrætti. Gildandi deiliskipulag fyrir Grænuvelli og nágrenni var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda í apríl 2020. Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB18 og miðsvæði M4. Skipulagssvæðið er um 3,2ha að stærð. Byggt hefur verið á flestum lóðum á því svæði sem deiliskipulag Grænuvalla nær yfir. Íbúðir eru á 1 eða 2 hæðum og hús á miðsvæði á 1-3 hæðum. Íbúðir eru að hluta til á efri hæðum bygginga á miðsvæði.

Tillagan var auglýst frá 29. mars í Fréttablaðinu, Dagskránni og Lögbirtingarblaði, með athugasemdafresti til 10. maí 2023. Borist hafa athugasemdir frá 4 aðilum, Róberti Sigurjónssyni, Jóni Sigurðssyni, Jórunni Helenu Jónsdóttir, og Jóni Gíslasyni.

Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulagsbreytingu á fundi sínum þann 14. júní sl. í samræmi við 41. og 43. gr. skipulagslaða nr. 123/2010, og mælist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna og feli skipulagsfulltrúa að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. sömu laga. Nefndin samþykkir uppsetta tillögu að viðbrögðum við athugasemnum í meðfylgjandi skjali, og felur skipulagsfulltrúa að svara þeim sem gerðu athugasemdir með viðbrögðum nefndarinnar.

Bragi Bjarnason, D-lista tekur til máls.

#### Helstu atriði athugasemda:

##### Nýtingarhlutfall lóða almennt og nýtingarhlutfall lóðarinna Fagurgerði 7.

EKKI verði hreyft við nýtingarhlutfalli almennt og verður nýtingarhlutfall 0,45 á lóðinni Fagurgerði 7.

##### Hvort aðkoma að Fagurgerði 7, verði frá Grænuvöllum eða Fagurgerði.

Bæjarstjórn Árborgar telur heppilegra að aðkoma að lóðinni Fagurgerði 7, verði frá Grænuvöllum og væntir þess að gögn verði uppfærð þannig, að sýnd verði aðkoma frá Grænuvöllum.

##### Asýnd og samræming við heildaryfirbragð byggðar.

Bæjarstjórn Árborgar bendir á, vegna þeirra sem hafa áhyggjur af ásynd og heildaryfirbragð byggðar, að tillagan gerir ráð fyrir ákvæðinni hæð húsa, fjölda íbúða og að reynt sé að tryggja að heildaryfirbragð byggðarinar haldi sér sem mest má vera. Hins vegar, með þéttingu byggðar megi búast við að nýtt hús í þegar byggðu hverfi beri hugsanlega einhver frávik frá þeim húsum sem fyrir eru.

##### Snjósöfnun og snjómokstur.

Bæjarstjórn tekur undir að í hverfinu er götur fremur þróngar og því erfiðari þegar kemur að sjómokstri og snjósöfnun. Þess vegna er mikilvægt að bílastæði og bílar almennt séu geymdir inni á bílastæðum lóða hvers og eins, þannig að snjóruðningstæki eigi greiðari aðgang við snjómokstur.

Bæjarstjórn samþykkir uppsetta tillögu að viðbrögðum við athugasemnum í meðfylgjandi skjali, og felur skipulagsfulltrúa að svara þeim sem gerðu athugasemdir með viðbrögðum skipulagsnefndar, auk viðbragða Bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkir samhljóða með 11 atkvæðum deiliskipulagsbreytingu í samræmi við 41. og 43. gr. skipulagslaða nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. sömu laga, og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar.

Virðingarfylst,  
Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi



Ás dvalar- og hjúkrunarheimili i Hveragerði. Mynd: Ás dvalar- og hjúkrunarheimili.

## Um 151 milljón úthlutað til sunnlenskra verkefna

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur úthlutað tæpum 1,1 milljarði króna úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. 150.761.617 kr. af úthlutuninni mun renna til sunnlenskra verkefna en verkefni eru 13 talsins. Alls voru veittir styrkir til 57 verkefna.

Hæstu upphæðina fékk Ás dvalar- og hjúkrunarheimilið 123.208.511 kr., og mun upphæðin nýtast í sjö verkefni, sem eru bætur á aðbúnaði í sjúkra-

bjálfun, endurbætur á innri rýmum og stækkan matsalar við Frumskóga 6, uppsetning á stigalyftu, endurbætur á innri rýmum, gluggum og útteggi vegna leka og raka og byggja yfir svalið á Así, endurbætur á eldhúsaðstöðu og sjúkrapakkarsíðu Frumskóga, endurbætur á brunakerfi í Así og síðast endurbætur á eldhúsaðstöðu og sjúkrapakkarkerfi við Bröttuhlíð.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar fékk úthlutað 20.257.420 kr. sem nýtast í þrjú verkefni, sem eru viðhald á þakglugga á Lómagnúp og endur-

bætur á gólfefni vegna vatnsleka, endurbætur á gólfefnum á sameiginlegum rýmum og endurbætur á eldhúsaðstöðu.

Hjúkrunarheimilið Lundur fær 3.452.400 kr. sem nýtast í endurnýjun á hurðum í eldri byggingu og endurbætur á gluggum vegna leka.

Kirkjuhvoll hjúkrunar- og dvalarheimili fær 2.923.286 kr. til að nota í endurbætur á hreinlætisaðstöðu og uppsetningu á loftlyftu.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hjallatún fær 920.000 kr. til að endurnýja þak vegna leka.

## Keahótel tekur við rekstri Grímsborga

Keahótel hafa tekið við rekstri á Hótel Grímsborgum, en samningur þess efnis var undirritaður í síðustu viku.

I tilkynningu frá Kea hótelsonum segir að samningurinn sé til tuttugu ára og að hann nái yfir alla starfsemi hótelins, þar með talið veitingastaður, funda- og ráðstefnusalar og veislujónusta. Með kaupum á Grímsborgum telur keðja Kea hótel a nýtt hótel.

Hótel Grímsborgir er fyrsta hótel í Íslandi sem hlaut 5 stjörnu vottun en þar er boðið upp á gistingu, veitingar og þjónustu fyrir allt að 240 gesti. Hótel er staðsett í Grímsnesi við Gullna Hringinn í kjarri vöxnu landi á bökkum Sogsins með fagra fjallasýn allt um kring.



Páll L. Sigurjónsson og Helga Guðný Margrétardóttir við Hótel Grímsborgi.

Hótel Grímsborgir opnaði fyrst sumarið 2009 og hefur vaxið og dafnað síðan. Þar er boðið upp á gistingu í 25 fm superior herbergjum, 40-55 fm junior svítum, 56 fm svítum og

56-200 fm íbúðum með verond eða svölum og heitum pottum. Samtals eru 29 heitir pottar, ýmist til einkaaftona eða sameiginlegir, verond eða svalir á öllum herbergjum og góð gasgrill við stærri húsin. Allar innréttningar eru í sveitastíl með lúxusívafi sem gerir gistingu huggulega og í samræmi við náttúrulega kjarrivaxið umhverfið. Í hverri íbúð er fullbúið eldhús, stofa og baðherbergi.

Í Hótel Grímsborgum er veitingastaður og bar sem tekur allt að 230 manns í sæti og fundar- og ráðstefnusalar sem taka allt að 120 manns í sæti.



**FROST**

KÆLKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

**prentmet**

heildarausnir í prentun



Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi



**ÖKULAND**

Meirapróf  
Endurmenntun  
Aksturspjálfun  
okuland.is

**HREINSITÆKNI**

Stíflulosun  
Rotþróahreinsun  
Vélsópun  
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss  
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136  
www.hrt.is

**VÉLSMIÐJA  
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttningar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Réttинг  
og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

**480 8020**



**Bilverk BA**  
Par sem fagmennumir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Pípulagnir Júlla**

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

**Lagnabjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
**482 2311** **696 2311**  
Skrifstofa **þjónustusími**



**NYTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is